

Vegna ástands leiksvæðis og lóðarinnar í Hraunvallaleikskóla.

Fyrir hönd foreldra barna í leikskólanum viljum við í foreldraráði benda nokkur atriði varðandi lóðina.

Mikið er um hunda- og/eða kattaskít og önnur óhreinindi í sandkassanum. Það er að mati foreldra ekki ásættanlegt, enda lítil börn að leika sér á þessu svæði. Nokkur ár eru síðan sandinum var skipt út og engin yfirbreiðsla er yfir sandkassann á þeim tímum sem leikskólinn er lokaður.

Foreldrar hafa einnig athugasemdir varðandi aðstöðuna í kringum leiktækin. Á mörgum leiksvæðum í bænum eru mjúkar mottur undir og í kringum tækin sem gerir börnunum auðveldara fyrir og væri óskandi að slíkt hið sama væri gert í Hraunvallaleikskóla.

Leiktækin eru að miklu leyti komin til ára sinna og þarfnast að mati foreldra uppfærslu. Þessi leikvöllur er í miðju Vallarhverfinu og jafnframt fyrsti leikskólinn í hverfinu, hann er mikið notaður af börnum hverfisins og nauðsynlegt að viðhald taki mið af því.

10.10.2019

Klara

Svanhildur

Hjördís